

Mýrdalshreppur V-Skaft.

Austurvegi 17, 870 Vík

Vík, 25.jan. 2010

**Efni: Athugasemd og tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025**

**Fyrirhugaður sjóvarnargarður verði staðsettur í fjörunni framan við núverandi grasbakka.**

(Sjá meðfylgjandi mynd. )

**RÖKSTUÐNINGUR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUNA:**


Verði grjótvörninni valinn staður framan við núverandi grasbakka /melkolla, þarf hún ekki að vera hærri en þeir. Sjór gengur ekki að ráði inn af þeim nema á margra ára fresti. Þá sjaldan sem það gerist mun flóðvarnargarðurinn taka við því og koma í veg fyrir að sjórinn komist upp í þorpið.

Bráðnauðsynlegt er að halda í það litla graslendi, sem enn er framan við flóðvarnargarðinn til þess að stöðva foksandinn upp úr fjörunni. Enginn vill sjá sandgirðingar á íþróttavellinum eða fast uppi við byggðina. Landgræðslustjóri hefur ítrekað bent á þetta í umsögnum sínum um sjóvarnir og nýjan láglandisveg með jarðgöngum í gegn um Reynisfjall

Lýti af framkvæmdinni, séð frá þorpinu, verða engin, þar sem grjótgarðurinn verður lítt eða ekki hærri en melkollarnir eru í dag. Verði grjótinu hinsvegar hrúgað á og framan við flóðvarnargarðinn verður af því gríðarleg sjónmengun þar sem hæðin á þeim garði verður að vera svo mikil að tryggt verði að sjór gangi **aldrei** inn af honum hvernig sem sjólagið verður. Gerist það, er ekkert annað til varnar og sjór og sandur eiga greiða leið upp í sundlaug, íþróttamannvirki og byggðina fyrir ofan.


Ekki virðist það skynsamlegt að binda allt þetta fjármagn (C.a. 100millj.) í framkvæmd, sem ekki nýtist fyrir en eftir einhvern ótilgreindan árafjölda og láta sjóinn á þeim tíma taka það dýrmæta graslendi og melpláss, sem enn er eftir framan við flóðvarnargarðinn. Sérstaklega orkar þó tvímælis að binda 12,5 millj. af fjármunum Mýrdalshrepps í verkefni, sem verður að engu gagni fyrir en eftir mörg ár, verði staðsetning garðsins eins og fyrirbyggjandi skipulagsuppdráttur sýnir og Siglingastofnun hefur lagt til.

Virðingarfyllst,



Þórir N. Kjartansson

Rakkabraut 14 870 Vík



Gjøtvörn